

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2010*  
*komudagur 14.6.2010*


Umferðarráð  
Borgartúni 30  
150 Reykjavík

22. júní 2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Hér með fylgir umsögn Umferðarráðs um frumvarp til umferðarlaga, 153 mál. Fulltrúar ráðsins hafa hug á að komast til fundar við samgöngunefnd til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, einkum varðandi framtíð Umferðarráðs.

Virðingarfyllst



Sigurður Helgason  
Framkvæmdastjóri  
Umferðarráðs

Samgöngunefnd Alþingis

**Umsögn um frumvarp til umferðarlaga (heildarlög), 553. mál.**

Í gildandi umferðarlögum er kveðið á um starfsemi Umferðarráðs.

Hins vegar er þess ekki getið í frumvarpi til umferðarlaga, sem mælt hefur verið fyrir á Alþingi.

Minnst er á tilveru ráðsins í lokamálsgreinum IV. kafla athugasemda við frumvarpið þar sem fram kemur að ákvörðun um framtíðarskipan slíks ráðs yrði tekin eftir að lögin verða gengin í gildi.

Umferðarráð vill taka undir þau sjónarmið að vettvangur þess afleggist ekki. En telur rétt að þess sé getið í umferðarlögum t.d. í kaflanum „Ýmis ákvæði“.

Umferðarráð er mikilvægur samráðs- og upplýsingavettvangur fulltrúa einstaklinga, hópa, samtaka og stofnana er fjalla um hin víðfemu málefni umferðarinnar.

Formið má hins vegar breytast í samræmi við breytta tíma og eðlilegt er að umferðarráð verið sjálfstæðara og öflugra en það er í dag.

Umferðarráð vill geta þess að á Norðurlöndunum hafa umferðarráðin þar veigamikla stöðu í lífi umferðarinnar en njóta verndar og stuðnings ríkisins.

Umferðin snertir alla landsmenn, frá vöggu til grafar. Nauðsynlegt er að allir aðilar hennar eigi sameiginlega rödd sem lætur sig varða hagsmuni allra vegfarendahópa.

Það er ósk fulltrúa Umferðarráðs að þeir fái tækifæri til að láta sjónarmið sín nánar í ljós á fundi samgöngunefndar hjá samgöngunefnd.